

---

## Minnisblað

Dagsetning: 23.06.2021

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 21011462

### **Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands.**

---

Þann 15. júní 2021 tók gildi reglugerð nr. 691/2021 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar (COVID-19) og gildir hún til og með 29. júní 2021. Með reglugerðinni var slakað verulega á sóttvarnaráðstöfunum innanlands í ljósi góðs árangurs í baráttunni við COVID-19. Fjöldatakmörk voru aukin í 300 manns, nándarreglu var breytt úr tveimur metrum í einn metra, grímuskylda afnumin á ákveðnum stöðum og opnunartími veitingastaða rýmkaður.

Frá því að reglugerðin tók gildi til 21. júní hefur enginn greinst innanlands en nokkrir hafa greinst á landamærum. Bólusetning gegn COVID-19 gengur vel og í dag hefur um helmingur þjóðarinnar verið fullbólusettur og um 70% fengið a.m.k. eina sprautu. Útlit er fyrir að um mánaðarmótin júní/júlí n.k. verði um 60% þjóðarinnar full bólusettur og enn fleiri fengið a.m.k. eina sprautu.

Það er því líklegt að gott ónæmi hafi náðst í samfélaginu bæði vegna útbreiddrar bólusetningar og góðra einstaklingsbundinna sýkingavarna.

Ég tel því forsendur til að halda áfram tilslökunum á sóttvarnaráðstöfunum innanlands og legg því til frekari tilslakanir.

Mikilvægt er þó að almenningur sé hvattur áfram til að viðhafa einstaklingsbundanar sýkingavarnir, til að nota rakningarappið (Rakning C-19), til að halda sig til hlés ef upp koma veikindi sem bent geta til COVID-19 og mæta í sýnatöku. Þetta er mikilvægt í ljósi þess að útbreiðsla COVID-19 er talsverð í nálægum löndum og að upp hafa komið ný afbrigði veirunnar (sérstaklega delta afbrigðið) sem eru meira smitandi en önnur afbrigði og valda alvarlegri veikindum.

Á meðan að þátttaka í bólusetningum í heiminum hefur ekki náð meiri útbreiðslu en raun ber vitni og faraldurinn er víða í vexti, er mikilvægt fyrir okkur hér á landi að halda vöku okkur gagnvart nýjum og skæðum afbrigðum veirunnar.

Ég legg því til eftirfarandi:

1. Ný reglugerð um sóttvarnaaðgerðir innanlands taki gildi 30. júní 2021.
2. Almennar fjöldatakmörkanir verði afnumdar.
3. Eins metra nándarregla verði felld niður.
4. Grímuskylda verði felld niður.

5. Skráningarskylda í íþróttum, líkamsræktarstöðvum, sundstöðum, sviðslistum og kórastarfi, veitinga- og skemmtistöðvum falli niður.

6. Líkamsræktarstöðvar og sundstaðir verði opnir án takmarkana.

Mikilvægt er þó að ýtrasta hreinlætis verði gætt á líkamsræktarstöðvum því þar eru sameiginlegir snertifletir margir hjá mörgum einstaklingum. Sérstaklega mikilvægt er, að eftir æfingar sótthreinsi allir hendur og að sameiginlegur búnaður sé hreinsaður eftir einstaklingsbundna notkun.

7. Íþróttir barna og fullorðinna.

Engar takmarkanir.

8. Verðslanir:

Engar takmarkanir.

9. Veitingastaðir:

Engar takmarkanir.

10. Skemmtistaðir, krár, spilasalir og spilakassar:

Engar takmarkanir.

11. Aðgerðir í skólum.

Engar takmarkanir.